

2. fundur Öldrunaráðs Norðurbings.

Árið 2023 mánudaginn 6 mars klukkan 13:00 kom Öldrunaráð Norðurbings saman til fundar í fundarsal Stjórnsýsluhúss Norðurbings.

Allir nefndarmenn mættir nema Lilja Skarphéðinsdóttir sem boðaði forföll.

Mættir: Frímenn Sveinsson, Helgi Ólafsson, Edda Björg Sverrisdóttir, Jón Ragnar Gíslason, Smári Kárasen, Ingvar Vagnsson, Fanney Hreinsdóttir.

Boðuð forföll: Lilja Skarphéðinsdóttir

Frímenn setti fund og fór yfir hlutverk Öldrunaráðs sem eru eftirfarandi:

1. Að fylgjast með heilsufari og félagslegri velferð aldraða of samhæfa þjónustuna
2. Að gera tillögu til sveitarstjórna um öldrunarþjónustu
3. Að leitast við að tryggja að aldraðir fái þá þjónustu sem þeir þarfnast og kynna öldruðum þá kosti sem í boði eru.

Athygliverð er aldursskipting íbúa á starfssvæði DA og eina aðild að DA.

60 ára + eru 24,8 % í Norðurbingi

22,2 % Skútustaðahreppur

31,3 % Þingeyjarsveit

49,2 % Tjörneshreppur

Frímenn formaður ráðsins hafði tal af Bergi Ágúst stjórnarformanni Hvamms og fékk upplýsingar um stöðu mála á uppbyggingu á nýju hjúkrunarheimili sem DA kemur að. Ljóst er að huga þarf að því verkefni fyrr en síðar þar sem þörfin er mikil og nokkuð langir biðlistar.

Einnig setti Frímenn sig í samband við Katrínu sveitarstjóra og kom fram í hennar máli að sveitarstjórn hefur samþykkt viðauka um samning um hjúkrunarheimili og að Heilbrigðisráðuneyti hefur einnig samþykkt viðaukann fyrir sitt leyti. Næstu skref eru að Ríkiseignir óska eftir útboðsheimild til Fjármálaráðuneytis sem tekur það ferli um 3 mánuði. Reiknað er með að verkfræmvaemd taki um 30 mánuði þannig að fullbúið hjúkrunarheimili ætti að verða tilbúið seint á árinu 2026.

Rætt um áhyggjur af stöðu dagvistunarmála fyrir eldri borgara og þá sérstaklega viðkvæma stöðu fólks með heilabilun. Ráðið samþykkti að fela formanni og Fanneyju að setja saman ályktun þess efnis að sækja um sérstök dagvistunarúræði fyrir fólk með heilabilun.

Formaður ráðsins lagði fyrir fundinn erindi frá félagi eldri borgara á Raufarhöfn.

Félag eldri borgara Raufarhöfn óskar eftir „**tilstyrk Öldrunaráðs til að bæta aðstöðu eldri borgara í heimhúsum á Raufarhöfn og nágrenni, þannig að lögboðin þjónusta verði aðgengileg, örugg og skilvirk. Við óskum eftir því að þjónusta sem er á ábyrgð Ríkisins, en ekki á ábyrgð Norðurbings, verði einnig skilvirk og aðgengileg. Mjög nauðsynlegt er að hugað sé að félagslegri stöðu eldri borgara við útskrift á sjúkrahúsinu og viðeigandi nauðsynlegar ráðstafanir gerðar við félagsþjónustu Norðurbings**“.

Þess óskað af ráðinu að Fanney Hreinsdóttir félagsþjónustu Norðurþings og Edda Björg Sverrisdóttir HSN munu svara félaginu um úrlausn þessara mála þar sem áhyggjum af stöðunni er lýst.

Undir önnur mál var rætt vítt og breytt um málaflokkinn og ýmsar skoðanir viðraðar.

Fundi slitið kl. 14:10